



Námsáætlun

ÞÝSK1fr05 vorönn 2021

Kennari: Svavar Bragi Jónsson

svavarb@fg.is

Lýsing:

Bætt er við orðaforða- og málfræðipækkingu og áfram unnið með tal, hlustun, ritun og lestur í samræmi við færnimarkmið áfangans. Nemendur æfast munnlega og skriflega í að ákvarða stefnumót, skipuleggja frítíma, gefa upp tímasetningar, tjá skoðun sína, tala um kaup og kjör í verslunum, spyrja og vísa til vegar, gefa upp staðsetningar, gefa og þiggja ráð, boð og bönn og tala um liðna atburði. Nemendur öðlast aukna innsýn í menningu og siði þýskumælandi svæða.

Markmið:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða í samræmi við öll helstu hæfni- og leikniviðmið áfangans
- grundvallarþáttum þýska málkerfisins
- grunnþáttum í menningu þýskumælandi landa

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt
- fylgja fyrirmælum á þýsku og skilja kveðjur og kurteisisávörp
- skilja einfalda texta af ýmsum toga
- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir og tengist honum sjálfum og geta beitt kurteisis- og málvenjum við hæfi
- beita helstu reglum áfangans um málnotkun í ræðu og riti
- beita viðeigandi námstækni í tungumálanáminu og nýta sér hjálpargögn
- nota sjálfstæð og viðeigandi vinnubrögð í tungumálanámi

Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina einfaldar upplýsingar í mæltu máli - eiga einföld samskipti á þýsku við ákveðnar aðstæður
- tala um sjálfan sig og aðra og ýmsar aðstæður daglegs lífs í ræðu og riti á einfaldan hátt
- vinna úr ýmsum textum á mismunandi hátt eftir efni og eðli textans.

Námsgögn:

- Ideen 1, Kurs- und Arbeitsbuch (kaflar 7-12)
- Þýskur málfræðilykill
- Leo & Co. **Die Neue**. (Langenscheidt)
-Lestarbók með geisladiski

Námsmat:

- 3 hlutapróf 60%.
- Munnlegt próf 10%
- Verkefni úr lestrarbók 10%
- Önnur verkefni 15%
- Þátttaka og virkni í tímum 5%



Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Kynning á námskeiði og námsefni. Herzlich Willkommen Upprifjun Lektion 7: Brauchen Sie Hilfe? Die Welle, Farben, Gefühle. Litir, tilfinningar (l.o.), orðaforði. Forsetningar+polfall. Sagnir.		
02. 1.-5. mars	Lektion 7: Framhald.		
03. 08-12. mars	Lektion 8: Der Krimi fängt gleich an! Klukkan, frítími og sjónvarp. Uppáhaldsefni í sjónvarpi og sjónvarpsþættir. Landeskunde, matur í þýskumælandi löndum. Sagnir: núþálegar sagnir og sagnir með lausu forskeyti.		Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Lektion 8: Framhald:	Hlutapróf 1 (kaflar 7 og 8).	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Lektion 9: Lýsa stöðum, spyrja til vegar, borgir og samgöngur. Forsetningar sem stjórna þágufalli. Landeskunde.		Miðannarmat
29. mars-6. apríl			Páskafri
06. 07.-09. apríl	Lektion 9: Framhald.		
07. 12.-16. apríl	Lektion 10: : Líkaminn, dagsetningar, árstíðir, mánuðir. Forsetningar, raðtölur .		
08. 19.-23. apríl	Lektion 10: Framhald.	Hlutapróf 2 (kaflar 9 og 10).	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Lektion 11: Skýra út, lýsa athöfnum í þátíð. Veður. Núliðin tíð, svo og þátíð af sein og haben . Eignarfornöfn fleirtala.		Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí	Lektion 11: Framhald.	Munnlegt próf.	
11. 10.-14. maí	Lektion 12: Lýsa hóbýlum og tala um heimilishald. Húsgögn, innanstokks-munir, persónufornöfn í polfalli og þágufalli. Núliðin tíð framhald.	Hlutapróf 3 (kaflar 11 og 12).	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Lektion 12: Framhald.		

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

Til að nemandi standist áfangann þarf meðaleinkunn úr hlutaprófunum þremur að vera a.m.k. 4,5 og og lokaekinn að vera a.m.k. 5,0.



- **Veikindi:** Veikindi ber að tilkynna samkvæmt skólareglum á vef FG.
- **Sjúkrapróf:** Ef nemandi missir af prófi eða könnun er einungis hægt að taka viðkomandi próf/könnun á námsmatsdegi að því gefnu að nemandi sé með skráð veikindi eða leyfi í Innu þann dag sem prófið/könnunin fór fram.
- **Verkefnaskil:**
 - Verkefnum skal skila á tilsettum tíma. Ekki er tekið við verkefnum eftir skiladag nema í mjög sérstökum tilvikum ef haft er samráð við kennara fyrirfram.
- **Vinnuframlag nemenda:** Vinna í 5 eininga áfanga á að samsvara 90-120 klst. á önn. Þar af eru 36-56 klst. fyrir utan skólastofuna í heild eða 3,5 klst. á viku að meðaltali.
- **Svindi:** Verði nemandi uppvís að svindli fær viðkomandi 0 í einkunn.